

SUÐURBORG – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Janúar 2015

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Berglind Hansen

Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Kristín Sæmundsdóttir

Sigrún Einarsdóttir

INNGANGUR	4
Leikskólinn Suðurborg	4
GREINING	5
ÞAÐ SEM VEL ER GERT	5
TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA	5

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats á leikskólanum Suðurborg sem fram fór í desember 2014. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats á leikskólum er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviði, að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í október 2014 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 20.-24. október. Matið byggir á gögnum leikskólans, viðtölum og rýnihópum starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

Leikskólinn Suðurborg

Leikskólinn Suðurborg tók til starfa í janúar 1979 og er til húsa í Suðurhólum 19, 111 Reykjavík.

Leikskólastjóri er Elínborg K. Þorlákisdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Berglind Hallgrímsdóttir.

Í leikskólanum eru sjö deildir og voru 123 börn í leikskólanum í október 2014. Yngstu börnin, 1-3 ára, eru á Álfakoti, Dvergakoti, Huldukoti og Krílakoti, á hverri deild eru 12 börn. Eldri börnin, 3-6 ára, eru á Brekkukoti, Hólakoti og Lækjarkoti og á hverri deild eru 25 börn.

ÞAÐ SEM VEL ER GERT

Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð og eru þau sýnileg í leikskólanum og birtast í starfi. Leikskólinn starfar eftir PBS (*Positive Behavior Support/Stuðningur við jákvæða hegðun*) og eru reglur PBS sýnilegar og myndrænt settar upp fyrir börnin. Dagskipulag hefur einnig verið sett upp myndrænt og í hæð barnanna. Viðfangsefni barna eru fjölbreytt og aðgengi að efniviði er gott. Húsnæði og útileiksvæði leikskólans er vel nýtt og hentar fyrir ólíkum viðfangsefnum barna. Börnunum líður vel í leikskólanum og eru glöð og áhugasöm um það sem þau eru að fást við. Vel er staðið að stuðning við börn með sérþarfir og hefur leikskólinn sérhæft sig í atferlisþjálfun. Gott samstarf er við sérfræðinga utan leikskólans og stöðufundir eru haldnir reglulega. Einnig er virkt samstarf við aðila í grenndarsamfélaginu. Samstarf starfsfólks innan deilda er sýnilegt, það er stolt af starfi sínu og hefur trú á gæðum leikskólastarfsins. Stjórnendur¹ leggja rækt við samskipti við foreldra í daglegu starfi. Foreldrar geta fylgst með námi barna sinna með reglulegum foreldrasamtölum. Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og skipuleggur viðburði. Áætlanir um umbætur út frá innra mati eru bornar undir foreldraráð til umsagnar.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Setja þarf stefnu leikskólans fram á skýran hátt í nýrri skólanámskrá og tryggja að mótun hennar sé samvinnuverkefni starfsfólks, barna og foreldra. Stjórnendateymi² efli leiðtogahlutverk sitt til að auka faglega umræðu og metnað í leikskólastarfinu. Stjórnendateymi stuðli að því að samskipti innan leikskólans einkennist af uppbyggilegum samskiptum og gagnkvæmu trausti. Stjórnendur auki samskipti við allar deildir og að samstarf einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum með þátttöku allra. Stjórnendateymi móti áætlun um markvisst samstarf barna og starfsfólks milli deilda. Efla þarf lýðræði í leikskólanum og þátttöku barna í daglegum athöfnum og auka áhrif þeirra á skipulagðar stundir og viðfangsefni. Efla þátttöku starfsfólks í leik barna til að leiðbeina, mynda tengsl og þróa leikinn. Gefa börnunum tækifæri til að taka þátt í að meta nám sitt, setja sér markmið og koma með tillögur að leiðum í eigin námi. Vinna markvisst með mat á námi barna með fjölbreyttum hætti. Sjá til þess að starfsfólk fái leiðsögn um skráningar í daglegu starfi til að nýta við mat á námi barna. Auka ráðgjöf til að framfylgja einstaklingsnámskrám, bæði til starfsfólks sem sinnir stuðningi og til starfsfólks deilda. Móta áherslur í foreldrasamstarfi og gera sýnilegar fyrir foreldra og starfsfólk. Sjá til þess að fulltrúar í foreldraráði séu lýðræðislega valdir og leiðbeiningum frá SFS sé fylgt eftir. Móta áætlun um mat á skólaárinu og tilgreina hvenær og hvernig eigi að meta. Auka aðkomu starfsfólks og foreldra í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati. Auka þátttöku allra barna í mati á leikskólastarfi og setja niðurstöður í umbótaáætlun. Tímasetja umbætur í umbótaáætlun, tilgreina hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða og tryggja að umbótum sé kerfisbundið fylgt eftir.

¹Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

²Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar og sérkennslustjóri